

**Stjórnarfundur Listasafns Árnésinga 24/4 2020 kl. 14.30.**

**Mætt á fjarfund: Kristín Scheving, safnstjóri, Helgi Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Anna Kr. Ásmundsdóttir, Hrafnhildur Helgadóttir, fulltrúi KPMG.**

Dagskrá fundar:

1. Farið yfir ársreikning LÁ 2019 – aðilar frá KPMG verða með á þessum hluta fundarins.
2. Starflýsing safnstjóra til samþykktar
3. Ráðningarsamningur safnstjóra til samþykktar
4. Stofnskrá LÁ til staðfestingar
5. Yfirlit yfir starfsár LÁ 2019
6. Staða framkvæmda í safninu
7. Styrkir til starfsemi safnsins
8. Kristín segir frá næstu mánuðum í safninu.

Stjórn LÁ þakkar Ingu Jónsdóttur fyrir samstarfið og býður Kristínu Scheving velkomna til starfa.

1. Farið yfir ársreikning LÁ 2019 - Hrafnhildur Helgadóttir fer yfir ársreikning. Hjá safninu voru þrjú fastráðnir starfsmenn í byrjun árs 2019 en tveir í árslok. Launagreiðslur námu samtals 19,3 millj. kr. þar af námu laun safnstjóra 9,3 millj. kr. Ennfremur voru greidd stjórnarlausn að fjárhæð 392 þús. kr. Til viðbótar keypti safnið vinnu t.d. við gerð og uppsetningu sýninga og annarra viðburða. Rekstrarniðurstaða safnsins var neikvæð á árinu að fjárhæð 4,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé safnsins nam í árslok 2,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningur undirritaður rafrænt af stjórn.
2. Starflýsing yfirfarin og samþykkt.
3. Ráðningarsamningur yfirfarinn og samþykktur.
4. Stofnskrá LÁ staðfest.
5. Kristín fer yfir starfsár LÁ 2019. Árið 2019 vel heppnað og gestafjöldi jókst um tæp 1000. Ein best stötta sýning safnsins frá upphafi var „Gjöfin til íslenskrar alþýðu“. Stjórn þakkar fyrir ársskýrslu og yfirlit og tekur fram að sérstaklega ánægjulegt sé að sjá fjölbreytni í listasmiðjum.



6. Kristín fer yfir stöðu framkvæmda í safninu. Búið er að setja upp loftræstikerfi með rakakerfi í safninu og setja upp nýtt fatahengi. Kristín er með hugmyndir um að færa kaffihúsið nær fatahengi.

Tæma þarf listaverkageymslu til að laga leka í því rými.

Ástandsskoðun á eignum safnsins og fara í gegnum skýrslur og aðra pappíra er á döfinni. Sótt hefur verið um styrk hjá Rannís til að geta fengið fræðimann eða nema til að vinna að skráningum eigna. Aldís bendir á úrræði Vinnuálastofnunar sem hægt væri að nýta til að vinna við slíka skráningu og tiltekt hvers konar.

Unnið hefur verið að tiltekt í öðrum rýmum og stefnt að því að vinna í því frekar á næstu mánuðum.

Helgi stingur upp á að nýta líka tímann til að mála sal 4 þar sem engar sýningar eru uppi.

7. Heildarstyrkir til safnsins er. 11.200.000.- Styrkir til sýninga hafa fengist að upphæð kr 7.200.000 og vegna framkvæmda kr. 4.000.0000.

8. Safn Skúla Gunnlaugssonar – *Tíðarandi* – sýning opnar 13. júní.

*Norðrið* – sýning opnar í 19. september, einnig verður unnið í listaverk

Vinnustofur haldnar um leið og *Norðrið* – á safni og úti í skólum Árnessýslu – grasagrafik – sem verður stýrt af Viktori Pétri Hannessyni. Smíðjur safnsins mun líka byrja aftur í haust.

Samstarf við Baniprosonno – pappír – pakki með efni sem nemendur geta unnið sjálfir – sendur í skólana og leikskóla í sýslunni sem og selt í safnbúðinni.


Lögð verður áhersla á að ná til íslenskra gesta í sumar þar sem erlendir gestir verða fáir eða engir þegar hægt verður að opna safnið aftur..

Uppi eru hugmyndir að námskeiðum fyrir kennara og nemendur í haust, samhliða vinnustofum.

Unnið hefur verið í nýrri heimasíðu, verður birt í maí.

Samningur hefur verið gerður við TRS vegna tölvu- og símamála.

Fundi slitið kl. 16.10




Helgi Haraldsson



Aldís Hafsteinsdóttir



Anna Kr. Ásmundsdóttir



Kristín Scheving

**Stjórnarfundur 24.9 2020, kl. 16:00**

**Dagskrá:**

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2021
2. 8 mánaðar uppgjör fyrir 2020
3. Starfsmannamál safnsins
4. Áskorun til safnsins frá SÍM
5. Erindi frá safnasafninu varðandi verk Ragnars Bjarnasonar
6. Erindi frá ættingjum Péturs Behrens
7. Þjónustusamningur við Hveragerðisbæ
8. Framkvæmdir framundan - gengið um safnið
9. Covid áhrif á safnastarf á landsvísu
10. Önnur mál

**Liður 1 og 2 - farið yfir skjöl**

Helgi og Kristín fara yfir fjárhagsáætlun og setja nánar upp.

**Liður 3 - starfsmannamál**

Einn starfsmaður verður í fullu starfi auk Kristínar. Einn verktaki í verktakavinnu við safneignina.

Vinna við safneignina er styrkt af Safnaráði.

Helgarstarfsmenn eru 3.

Kristín Þóra hefur sagt upp störfum og mun klára nú í lok september.

**Liður 4 – bréf frá SÍM**

Farið yfir bréf frá SÍM sem sent var til forstjóðumanna myndlistastofnana, þar sem hvatt er til þess að skráning á sýningasögu og sýningarstarfi verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Vefsíða safnsins hefur verið endurhönnuð og er enn í vinnslu.

**Liður 5 - Erindi frá Safnasafninu.**

Kristínu fallið að ræða við fyrrverandi safnstjóra varðandi lyktir málsins. Stjórn safnsins samþykkir jafnframt að Safnasafnið fái til eignar þau tvö verk sem lánuð voru til fjölskuyldumeðlims Ragnars Bjarnasonar.

**Liður 6 – Erindi frá ættingjum Pétur Behrens.**

Því miður er ekki til fjármagn til kaupa á þessum verkum en við þökkum erindið.

**Liður 7 – þjónustusamningur við Hveragerðisbæ**

Þjónustusamningur safnsins við Hveragerðisbæ skoðaður.

Samningur samþykktur.

**Liður 8 - framkvæmdir**

Framkvæmdir á góðum rekspól.

Framkvæmdir við loftræstikerfi eru á lokastigi.

Endurbætur hafa verið gerðar á safnbúð sem eru afar vel heppnaðar.



Ljóst er að þörf er á frekara viðhaldi á bæði gluggum og ljósum.  
Nokkur önnur mikilvæg verkefni einnig rædd.

### **Liður 9 - Covid**

Ánægjulegt að geta þess að aðsókn á sumarsýninguna var miklu meiri en gert var ráð fyrir vegna ástandsins. Gestir voru fyrst og fremst íslenskir. Alls voru sumargestir 4673.

### **10 - önnur mál**

Opnunartími hefur verið aukinn. Opið alla daga frá kl. 12.00 – 17.00, nema mánudaga.  
Sala hefur aukist í safnbúðinni og stefnt að enn frekari aukningu.  
Framundan eru pop-up sýningar og verkefni.  
Handritin til barnanna – samstarf við Árnastofnun.  
List án landamæra – samstarf við Sólheima.  
Grasagrafik – samstarf við Viktor P. Hannesson.

Ýmsar hugmyndir ræddar að samstarfi og áhugaverðum verkefnum.  
Áfram sótt í ýmsa sjóði.

Fundi slitið 18.15

  
\_\_\_\_\_  
Helgi Haraldsson

  
\_\_\_\_\_  
Aldís Hafsteinsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Anna Kr. Ásmundsdóttir

  
\_\_\_\_\_  
Kristín Scheving